

Reynir Karlsson

Kt.: [...]

Heimilisfang: [...]

Akureyri, 07.03.2025

Tilv. 2024-04-04-0430

Efni: Brotkast. Svipting veiðileyfis. Hrognkelsaveiðar. Júlía SI-62 (2110).

I. Málsatvik

Fiskistofa hefur lokið meðferðar máls er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Júlía SI-62, skipaskrárnúmer 2110, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 í veiðiferð skipsins þann 3. apríl 2024. Lögskráður skipstjóri í þeirri veiðiferð er málið varðar, var Reynir Karlsson, kt. [...], en hann er jafnframt eigandi og útgerðaraðili skipsins.

Málsatvikum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanna Fiskistofu, dags. 5. apríl 2024, að þann 3. apríl 2024, um klukkan 13:40, hafi veiðieftirlitsmenn verið við eftirlit í X. Þeir hafi veitt því athygli að fiskiskipið Júlía SI-62 (2110) var við grásleppuveiðar á svæðinu. Hafi þeir ákveðið að senda ómannað, fjarstýrt loftfar búið myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum þess. Tekið hafi verið á loft frá landi og flogið um 2 km að skipinu. Um borð hafi tilgreindur skipstjóri verið ásamt háseta og hafi þeir verið að draga inn veiðarfæri og greiða afla úr þeim á netaborði. Fljótlega eftir að eftirlitið hófst hafi eftirlitsmenn virkjað myndupptökubúnað flugfarsins. Tekin voru upp nokkur myndbönd og er samanlögð lengd þeirra um 40 mínútur. Á þeim sést þegar skipverjar ýmist kasta fiski fyrir borð eða ýta honum með fæti út um lensport, eftir að hafa greitt þá úr veiðarfærum, með þeim afleiðingum að þeir féllu aftur í sjóinn, samtals tuttugu og sex (26) þorskar, fjórir (4) skarkolar og einn (1) steinbítur. Af þeim sökum var áhöfn fiskiskipsins Júlía SI-62 (2110) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað tilgreindum þrjátíu og einum (31) fiski, sem komið höfðu í veiðarfæri fiskiskipsins þann 3. apríl 2024.

II. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur heimilað með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. telst fullframið hvort sem það er með refsínæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabýrgð einstaklinga og lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 10. apríl 2024, var málsaðili upplýstur um að málið hafi verið tekið til meðferðar og að til rannsóknar væri hvort skipstjóri fiskiskipsins Júlía SI-62 (2110), hafi gerst brotlegur við lög nr. 57/1996. Í bréfinu var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Jafnframt var athygli málsaðila vakin á erindi Fiskistofu, dags. 24. ágúst 2021, til Reynis Karlssonar, eiganda og útgerðaraðila fiskiskipsins Júlía SI-62 (2110), vegna brottkasts á fimm (5) þorskum í veiðiferð skipsins þann 10. júní 2021. Í bréfinu var málsaðila leiðbeint um skyldu áhafnar til að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri og þeim tilmælum beint til útgerðaraðila að tryggja framvegis að framkvæmd veiða bryti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 (tilv. 2021-06-11-2010). Upplýst var um að verði niðurstaða þessa máls sú, að brot hafi verið framin, gæti framangreint erindi Fiskistofu frá 24. ágúst 2021 haft áhrif við saknæmismat.

Þann 18. apríl 2024 hafði málsaðili samband við Fiskistofu og hafði m.a. spurningar varðandi bréf Fiskistofu frá 24. ágúst 2021. Var honum gert ljóst að um leiðbeiningabréf hafi verið að ræða sem hefði ekki formleg réttaráhrif til þyngingar hugsanlegra viðurlaga og hefði því ekki í för með sér ítrekunaráhrif. Erindið hefði þó áhrif við saknæmismat í því máli sem til meðferðar væri. Jafnframt óskaði málsaðili eftir að fá afhentar myndbandsupptökur málsins, sem voru afhentar með rafrænum hætti degi síðar. Engar efnislegar athugasemdir bárust Fiskistofu í kjölfarið. Málið er því afgreitt með hliðsjón af gögnum og atvikum máls eins og þeim er lýst að framanverðu.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að áhöfn fiskiskipsins Júlía SI-62 (2110) hélt til grásleppuveiða þann 3. apríl 2023, og kastaði eða varpaði samtals þrjátíu og einum (31) fiski fyrir borð, tuttugu og sex (26) þorskum, fjórum (4) skarkolum og einum (1) steinbít, er komið höfðu í veiðarfæri skipsins, með þeim afleiðingum að þeir féllu aftur í sjóinn. Þorskur, skarkoli og steinbítur eru tegundir nytjafiska sem lúta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 2. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og því eiga undantekningareglur í 2. gr. reglugerðar nr. 468/2013 ekki við. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 er því skýr skylda til að hirða og landa tilgreindum tegundum og enn fremur lagt afdráttarlaust bann við að varpa þeim fyrir borð.

Málatilbúnaður Fiskistofu byggir á vitnisburði og skýrslu veiðieftirlitsmanna sem urðu vitni að brotum áhafnar skipsins í beinu streymi, en einnig var brotið að hluta til tekið upp. Við skoðun á þeim myndbandsupptökum, er liggja fyrir í máli þessu, er að mati Fiskistofu ljóst að sá afli sem varpað var fyrir borð, hafi gert svo fyrir tilverkan áhafnar skipsins. Af þeim sökum gerðist áhöfn skipsins brotleg gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með því að hafa vísvitandi kastað fyrir borð samtals þrjátíu og einum (31) fiski, er komið höfðu í veiðarfæri skipsins, ýmist ýtt þeim útbyrðis um lensport skipsins eða kastað þeim yfir borðstokk, með þeim afleiðingum að þeir höfnuðu aftur í sjónum. Málsatvik eru að mati Fiskistofu ljós og enginn vafi um hina meintu saknæmu háttsemi áhafnar Júlíu SI-62 (2110). Markmið málsmeðferðar Fiskistofu er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati stofnunarinnar telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna studdum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, s.s. skýrslu eftirlitsmanna og þeim myndbandsupptökum er liggja fyrir í málinu, er það niðurstaða Fiskistofu að áhöfn fiskiskipsins Júlía SI-62 (2110) hafi gerst sek um fullframin brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 í veiðiferð skipsins þann 3. apríl 2024.

Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Júlía SI-62 (2110), braut gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, með því að hafa varpað afla (31 fiski) fyrir borð, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins þann 3. apríl 2024.

Fyrir brot á lögum nr. 57/1996 skal Fiskistofa veita áminningar eða svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni. Í 1. mgr. 15. gr. laganna segir Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 15. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Líta verði til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem kemur í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þegar verðmeiri eða söluvænlegri afli var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Ávinningur málsaðila var þó smávægilegur með hliðsjón af magni þess afla sem kastað var útbyrðis. Ríkir almannahagsmunir eru fólgnir í því að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um hvað tekið sé úr auðlindum sjávar við landið, svo vísindamenn geti áætlað stofnstærð og tryggt hámarksafrakstur nytjastofna við landið. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskistofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið. Með brotum áhafnarmeðlima voru framangreindum hagsmunum ógnað.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi áhafnar fiskiskipsins Júlía SI-62 (2110) í umræddri veiðiferð og til þess að málsaðili ber ábyrgð á því að veiðar í hans þágu brjóti ekki í bága við þær reglur sem gilda um framkvæmd fiskveiða á hverjum tíma. Þær myndbandsupptökur er liggja fyrir í málinu sýna greinilega framgöngu skipstjóra og háseta skipsins í umræddri veiðiferð. Þar sést þegar skipverjar greiða afla úr grásleppuneti og ýmist kasta fiski fyrir borð eða ýta honum með fæti út um lensport skipsins, með þeim afleiðingum að aflinn fór aftur í sjó. Af háttsemi skipverja má ráða, að þeir hafi vísvitandi látið hjá líða að hirða verðminni meðafla, en hirt vænni meðafla sem og sóknarafla (grásleppa). Á myndböndum sést m.a. þegar skipverjar velja álitlega og heila þorska sem þeir blóðga sérstaklega, og koma fyrir um borð í stað þess að henda útbyrðis. Þá sést í eitt skipti þegar skipverji tínir upp upp þrjá þorska, sem hafði verið komið fyrir um borð, og hendir þeim útbyrðis. Háttalag þeirra gefur til kynna að þeir hafi sérstaklega flokkað verðmætari meðafla, sem auðséð að ætlunin var að landa, frá þeim afla sem þeir hentu útbyrðis í sjó.

Jafnframt lítur Fiskistofa til leiðbeininga Fiskistofu dags. 24. ágúst 2021 (tilv. 2021-06-11-2010), vegna brottkasts á fimm þorskum í veiðiferð skipsins í júní 2021. Var málsaðila leiðbeint um skyldu áhafnar til að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri og þeim tilmælum beint til útgerðarinnar að tryggja framvegis að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Þó svo langt sé liðið frá leiðbeiningu telur Fiskistofa rétt að líta til hennar við saknæmismat þar sem um sama skipstjóra var að ræða og í máli þessu, sem er

einnig eigandi og útgerðaraðili skipsins. Erindi Fiskistofu, dags. 24. ágúst 2021, er að mati stofnunarinnar til þess fallið að auka á saknæmi og alvarleika brota áhafnar skipsins í veiðiferð þess 3. apríl 2024. Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa jafnframt til ámælisverðrar framgöngu skipverja og verknaðaraðferðar, þeirra hagsmuna sem verknaðurinn beindist að og fjölda fiska sem varpað var fyrir borð í umræddri veiðiferð, þ.e. 31 fiskur. Þá lítur Fiskistofa til þess að eftirlit varði aðeins lítinn hluta umræddrar veiðiferðar.

Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni, og á að vera meðvitaður um að honum beri að fylgja ákvæðum gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla á sviði fiskveiðistjórnunar eftir því sem við á, við veiðarnar, og þá sér í lagi í kjölfar fyrri leiðbeininga. Það er á ábyrgð málsaðila, að verklag við fiskveiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Vinnubrögð skipstjóra, sem og fyrra mál sem að framan er nefnt, gefur til kynna að um viðhöfð vinnubrögð sé að ræða og að brottkast sé viðhaft um borð við fiskveiðar á umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háttarnisreglur laga nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar. Allur framgangsmáti áhafnar skipsins rennir að mati Fiskistofu stoðum undir að brot hennar hafi verið framin af ráðnum hug (beinum ásetningi) í skeytingarleysi við háttarnisreglur laga.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Af öllu framangreindu er niðurstaða Fiskistofu að um ámælisverð og meiriháttar brot hafi verið að ræða í skilningi 15. gr. laga nr. 57/1996, framin af ásetningi í trássi við 2. mgr. 2. gr. sömu laga um meðferð afla við framkvæmd fiskveiða. Af þeim sökum telur Fiskistofa, við mat á viðurlögum, ekki koma til álita að brotin varði einvörðungu áminningu, enda ekki um minniháttar brot að ræða. Með hliðsjón af magni afla sem varpað var fyrir borð og fyrri ákvarðana Fiskistofu, í sambærilegum málum, er að mati Fiskistofu ekki tilefni til að brotin varði lágmarks leyfissviptingu þó svo að um fyrsta brot og einangrað tilvik sé að ræða. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Að því virtu og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, telur Fiskistofa, með hliðsjón af meðalhöfsreglu stjórnsýsluréttarins, að umrædd brot varði sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið, Júlía SI-62, skipaskrárnúmer 2110, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 7. apríl 2025 og til og með 20. apríl 2025, skv. 1. sbr. 2. gr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brottkasts á 31 fiski. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

